



Tilmæli frá Yfirdómara fyrir hraðari leik



Nú verður ræst út með mun styttra millibili en áður, það verða 8 mínútur í sumar, það er gert svo fleiri kyflingar geti spilað vellina á degi hverjum, en gæta verður vel að leikhraða svo allir geti notið leiksins sem best.

Tími fyrir hvert högg er að hámarki 45 sekúndur, tími byrjar að telja þegar leikmaður er kominn að boltanum sínum og hann er fær um að leika án truflana. Það þarf samt ekki að nýta sér allan þann tíma við hvert högg, mikilvægt er að leika án tafar og halda góðum takti í leik sínum.

Nokkur góð ráð til kyflinga til að halda sem best uppi leikhraðanum:

Almennt í öllum höggum:

- Ganga mjög rösklega á milli högga.
- Vera ávallt tilbúinn þegar röðin kemur að þér. Vera Ready þegar röðin kemur að manni.
- Ready Golf, slá þegar maður er tilbúinn, ekki endilega að bíða eftir þeim sem á að slá ef hann er ekki tilbúinn, svo framarlega sem það truflar ekki aðra, það má líka á teig ef sá sem á teiginn er ekki tilbúinn.
- Borða nestið sitt á þeim tíma sem það truflar ekki aðra og leikhraðann.
- Punktakeppni, þegar kyflingar eru búnir með punktana sína á hverri holu, taka upp boltann og hvíla sig fyrir næstu holu.
- Ef holtið hefur dregist afturúr, og annað holl að bíða á eftir, þá er mun betra að hleypa frammúr og létta pressuna á kyflinga.

Á teig:

- Sá sem á teiginn, að vera meðvitaður um það og vera þá tilbúinn þegar komið er á teiginn.
- Höggstyttri kyflingar geta slegið á undan ef högg lengri kyflingar þurfa að bíða.
- Skrá skor þegar komið er á teiginn, án þess að það tefji leik, ef flötin/brautin er auð, og hægt að slá strax, er mikilvægt að sá kyflingur sem á teiginn, slái strax og skrifar svo.
- Ef kyflingar fá sér birdie snafs, verður að tryggja að það tefji ekki leik.
- Til gamans mætti taka tímann á hverju höggi á teig, svo kyflingar geri sér betur grein fyrir leikhraðanum.

Á og við flöt:

- Lesa sína púttlínu á meðan aðrir eru að gera.
- Skilja golfsettið eftir þeim megin við flatirnar sem gengið er útaf flöt og á næsta teig.
- Þegar stutt pútt er eftir, púttu út án þess að merkja boltann, ef þarf að merkja bolta og skoða línuna, þá að merkja og bíða þangað til aðrir eru búnir og röðin komin að viðkomandi, nýta tímann í að lesa línuna.
- Yfirgefa flöt um leið og allir eru búnir að leika.
- Drífa sig frá flötinni eins fljótt og hægt er, svo næsti ráshópur geti slegið inná flötina.
- Ef holtið hefur dregist aftur úr, þá er gott að þeir tveir fyrstu sem klára holuna, drífi sig á næsta teig og slái strax, á meðan hinir klára að púttu.

Á braut:

- Ganga beint að sínum bolta ef það truflar ekki aðra kyflinga, og vera tilbúinn.
- Ef kyflingar í sama holti eru sitthvoru megin á brautinni og trufla ekki hvorn annan, geta þeir báðir slegið, þó annar boltinn sé nær holu.
- Þegar leita þarf að bolta einhvers leikmanns, er mikilvægt að þeir sem vita um sinn bolta slái fyrst og hjálpi svo hinum að leita.
- Höggstyttri kyflingar geta slegið á undan högg lengri kyflingum þó nær holu séu.
- Aðeins má leita að bolta í 3 mínútur, ef kyflingar eru ekki að taka tímann, þá að hætta fyrir en seinna.
- Ef tveir boltar eru týndir á svipuðum slóðum má aðeins leita samtals í 3 mín að báðum boltunum.

Ef kyflingar lumu á öðrum góðum ráðum, endilega að senda það á domari@grgolf.is